

SNS 1C02

Skapandi skólastarfi, haustönn 2019

Kennari/kennarar: Margrét Rósa Sigurðardóttir	Netfang/netföng: margret@bhs.is
---	---

Lýsing:

Verkefni áfangans miða að því að efla sjálfstraust og samkennd nemenda og gera þá hæfari til að takast á við væntanlegt nám með upplýsingum um helstu þætti skólastarfsins. Sérstakri athygli er beint að því að efla áhuga og innsýn nemenda í skapandi greinar lista og miðlunar með áherslu á sameiginlega upplifun og gagnrýna umræðu þar sem samfélagið og stofnanir þess eru í brennidepli. Athygli er beint að nemandanum sjálfum sem uppsprettu þekkingar og sköpunar, sem geranda í eigin lífi og ábyrgum fyrir eigin árangri, heilbrigði og lífsfyllingu.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi öðlist þekkingu á:

- almennum þáttum skólastarfsins (reglum, réttindum, skyldum, þjónustu, tölvu- og námsumsjónarkerfum, félagslífi, námskrá o.fl.)
- helstu stofnunum, sýningarsölum, fyrirtækjum og þjónustu hér á landi á sviði lista, hönnunar og miðlunar. - eðli og möguleikum náms á sviði lista, hönnunar og miðlunar
- lykilhugtökum samfélagsrýni (menning, lýðræði, mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni) - hugtökum sem varða ábyrgð og skyldur einstaklings í lýðræðissamfélagi
- hugtökum sem varða sálræna velferð, sjálfsskilning, náms- og starfshæfni, lífsstíl, fjármálalæsi, heilbrigði og ábyrgð á eigin lífi.

Nemandi öðlast leikni í að:

- leita sér upplýsinga um almenna þætti skólastarfsins
- afla sér upplýsinga, skoða og kynna heimi lista, hönnunar og miðlunar í samfélaginu
- rökræða og miðla skoðunum sínum um gildi sköpunar, lista og miðlunar
- rökræða og miðla skoðunum sínum um samfélagsleg málefni
- kynna sér leiðir til sjálfsefningar, heilbrigðis og árangurs.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ná árangri í námi sínu.
- efla vitund sína um fagmennsku á sviði lista og miðlunar
- stuðla markvisst að sjálfsefningu, heilbrigði og árangri
- taka á virkan og ábyrgan hátt þátt í samfélaginu og samfélagslegri umræðu
- eiga í gefandi, uppbyggilegum og árangursríkum samskiptum og samvinnu við aðra



SNS 1C02

Skapandi skólastarf, haustönn 2019

Námsmat:

Hópverkefni / einstaklingsverkefni: 70% – Þátttaka og virkni: 30%

Námsgögn:

Námsefni og verkefni eru á námsþingi Borgarholtsskóla.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Fjarvistir mega ekki fara upp fyrir 10% í áfanganum.

SNS 1C02

Skapandi skólastarf, haustönn 2019

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	20.-23. ágúst	Kynning á almennum þáttum skólastarfsins: reglur, réttindi og skyldur, þjónusta, félagslíf, námskrá o.fl.	
35	26.-30. ágúst	1.verkefni: Tölvu- og námsumsjónarkerfi	10%
36	2.-6. sept.	Helstu stofnanir, sýningarsalir, fyrirtæki og þjónusta hér á landi á sviði lista, hönnunar og miðlunar	
37	9.-13. sept.	Eðli og möguleikar náms á sviði lista, hönnunar og miðlunar	
38	16.-20. sept.	2.verkefni	10%
39	23.-27. sept.	Sálræn velferð, sjálfsskilningur, náms- og starfshæfni, lífsstíll	Varða I
40	30.sept- 4. okt.	Fjármálalæsi, heilbrigði og ábyrgð á eigin lífi	
41	7.-11. okt.	3.verkefni	20%
42	14.-18. okt.		
43	21.-24. okt.		Hauðhlé
44	28.okt -1. nóv.	Samfélagsrýni (menning, lýðræði, mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni)	10%
45	4.-8. nóv.	4.verkefni	Varða II
46	11.-15. nóv.		
47	18.-22. nóv.	Ábyrgð og skyldur einstaklings í lýðræðissamfélagi	
48	25.-29. nóv.	5.verkefni	20%
49	2.-6. des.		
50	9.-13. des.	Kennaraeinkunn: 30%	Kennslu lýkur
51	16.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.